



Til íþróttafélaga innan vébanda ÍSÍ

Reykjavík, 22. janúar 2026

Kæru forsvarsmenn íþróttafélaga,

Á Íþróttapingi 2025 voru samþykktar ýmsar breytingar á lögum ÍSÍ. Hluti breytinganna snerta með beinum hætti starfsemi íþróttafélaga og kalla á endurskoðun á lögum félaga innan íþróttahreyfingarinnar svo þau samræmist nýjum ákvæðum.

Í 2. kafla laga ÍSÍ er að finna flest þau ákvæði er varða starfsemi íþróttafélaga og lög þeirra. Helstu breytingar sem gerðar voru á þessum kafla á Íþróttapingi 2025 eru eftirfarandi:

1. Breytingar á grein 5.2 sem fjallar um starfsskilyrði innan íþróttahreyfingarinnar.
 - Sérstaklega er nú kveðið á um skyldu félagsmanna til að gangast undir lög og reglur viðkomandi félags til að gerast félagar að íþróttafélagi og að félögum sé heimilt að takmarka þátttöku eða útiloka félagsmenn sem brjóta lög og reglur hreyfingarinnar (e. liður).
 - Félögum er nú skylt að halda bæði iðkendaskrá og félagaskrá sem skulu vera aðskildar (f. liður).
 - Félögum er heimilt að kveða á um svokallað fulltrúalýðræði í lögum sínum þar sem fulltrúar deilda fara með atkvæðisrétt á aðalfundi. Í slíkum tilfellum skal félagið halda deildartal fyrir hverja deild og allir félagsmenn viðkomandi deildar hafa atkvæðisrétt við val á fulltrúum inn á aðalfund félagsins (g. liður).
 - Skýrt kveðið á um að aðeins einstaklingar geta verið aðilar að íþróttafélögum (k. liður).
2. Í grein 5.4 er nú kveðið á um skyldu íþróttafélaga til að upplýsa sitt íþróttahérað og viðkomandi sársamband þegar það tekur upp iðkun nýrrar íþróttagreinar og hvort stofnuð er um hana sérstök deild.
3. Í grein 5.7 er að finna upptalningu á þeim ákvæðum sem að lágmarki skulu vera í lögum íþróttafélaga. Þau eru eftirfarandi:
 - a. Tilgangur félags sbr. a. liður gr. 5.2.
 - b. Félagsaðild, sbr. e. liður gr. 5.2.
 - c. Aðalfundur sé boðaður með auglýsingu með minnst tveggja vikna fyrirvara.
 - d. Ákvæði um að dagskrá aðalfundar og upplýsingar um framkomnar tillögur séu gerðar félagsmönnum aðgengilegar tímanlega fyrir aðalfund.
 - e. Ákvæði um hverjir hafi kjörgengi og atkvæðisrétt. Kjörgengi skal miðast við lögræðisaldur og atkvæðisréttur að minnsta kosti við 16 ára aldur.





- f. Dagskrá aðalfundar.
 - g. Ákvæði um heimild til útilokunar og brottreksturs félagsmanns úr félagi.
 - h. Slit félags.
 - i. Ákvæði um að lög félagsins og breytingar á þeim þarfnist staðfestingar viðkomandi íþróttahéraðs og framkvæmdastjórnar ÍSí.
4. Í grein 5.8 er fjallað um heimild íþróttahéraða til þess að víkja íþróttafélagi úr viðkomandi héraði ef félagið uppfyllir ekki lengur ákvæði greinar 5.2 um starfsskilyrði innan íþróttahreyfingarinnar.
5. Í nýrri 7. gr. er fjallað um skyldur sambandsaðila og íþróttafélaga. Sambandsaðilum og íþróttafélögum:
- a. ber að fylgja lögum og reglum ÍSí og er skylt að innleiða þær breytingar sem gerðar eru á regluverki ÍSí í eigið regluverk, eftir því sem við á. Sé misræmi milli laga sambandsaðila/íþróttafélags og laga ÍSí ganga lög ÍSí fram.
 - b. ber að starfa í samræmi við markmið og stefnur ÍSí.
 - c. ber að tryggja að allir sem taka þátt í starfi þeirra eða koma fram fyrir þeirra hönd, þar með talið iðkendur, starfsmenn, sjálfboðaliðar og aðrir fulltrúar, starfi í samræmi við lög, reglur, siðareglur og hegðunarviðmið ÍSí og viðeigandi sambandsaðila. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir sem starfa á þeirra vegum séu upplýstir um framangreindar reglur og viðmið og þeim sé fylgt í hvívetna.
 - d. ber að viðhafa góða stjórnarhætti.
 - e. ber að hlíta alþjóðalyfjareglunum og veita ÍSí og Lyfjaeftirliti Íslands fullt samstarf og aðstoð í verkefnum er varða framkvæmd lyfjaeftirlits.
 - f. sem sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri er óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs, sbr. lög nr. 64/1998.
 - g. ber að afla sakavottorðs frá einstaklingum sem til stendur að ráða innan íþróttahreyfingarinnar og eiga að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri.

Sérstök athygli er vakin á að f. liður 7. gr. hefur verið uppfærður í samræmi við ákvæði íþróttalaga nr. 64/1998. Bætist þar við tilvísun til tveggja ákvæða almennra hegningarlaga, greinar 211 um manndráp og greinar 218 um líkamsárás.





Laganefnd ÍSí hefur útbúið *lagaviðmið* fyrir íþróttafélög ásamt leiðbeiningum. Í þeim má finna dæmi um hvernig hægt er að uppfæra lög íþróttafélaga í samræmi við nýjar kröfur. Hér má finna tengil á verkfærakistu íþróttahreyfingarinnar þar sem lagaviðmiðin er að finna: <https://www.siu.is/verkfaerakista>

Við hvetjum ykkur til að yfirfara lög ykkar og gera viðeigandi breytingar sem fyrst. Þegar breytingar á lögum hafa verið samþykktar á aðalfundi félagsins skal senda uppfærð lög til viðkomandi íþróttahéraðs til staðfestingar, í samræmi við gr. 5.7.i í lögum ÍSí.

Með bestu kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Helga Þórðardóttir
lögfræðingur Stjórnarsýslusviðs ÍSí

